

Eitt verka Ómars Sverrissonar.

Myndlist á Tuttugu og tveimur

Á morgun opnar ungur myndlistarmaður að nafni Ómar Sverrisson sína fyrstu einkasýningu. Sýningin er á veitingahúsinu Tuttugu og tveimur og þar má finna myndlist af ýmsum toga. Ómar hefur stundað nám í iðnhönnun við Iðnskólann í Reykjavík og við olíumálun í Myndlistarskólanum í Reykjavík.

Erting inn við beinið

Bjarni Sigurbjörnsson myndlistarmaður stendur fyrir sýningunni Ertingu inn við beinið í Tuttugu fermetrum að Vesturgötu 10a í kjallara. Þetta er sjötta einkasýning Bjarna. Sýningin er opin milli kl. 15 og 18. Hún stendur til 29. júní.



Erró er einn þeirra sem koma við sögu á sýningunni.

Íslensk myndlist á Kjarvalsstöðum

Íslensk myndlist er yfirskrift sýningar sem stendur yfir í allt sumar á Kjarvalsstöðum. Á sýningunni eru sýnd verk sem spanna alla 20. öldina. Markmið sýningarinnar er að gefa gestum góða innsýn í íslenska listasögu.

Sumarsýning Kjarvalsstaða verður opin alla daga milli kl. 10 og 18. Safnverslun og kaffistofa safnsins eru opin á sama tíma.

Sýningar

Íris Elfa í Gerðarsafni

Íris Elfa Friðriksdóttir hefur opnað sýningu í Listasafni Kópavogs, Gerðarsafni. Íris Elfa vinnur verk sín í steypu, auk þess sem hún notar blúndur, perlur og flísar. Einfaldleikinn ræður ríkjum í verkum Írisar Elfu og vill hún að þau geti staðið sjálfstæð og óstudd án þess sem hún kallar fegurðarskrums nútímans. Íris Elfa stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands á árunum 1980 til 1984 og stundaði framhaldsnám í Maastricht í Hollandi á árunum 1984 til 1986. Sýningin er opin daglega milli kl. 12 og 18 og stendur hún til 6. júlí.


Hlýjast á Austurlandi

Austfirðingar ættu að geta verið kátir þessa helgina því að samkvæmt veðurspá Veðurstofu Íslands er gert ráð fyrir að hlýjast verði á ættu að hafa regnhlífina og hlífðarfötin til taks því búast má við skúrum vestan til. Þar verður hiti á bilinu 9 til 12 stig. Á Austurlandi er hins vegar gert ráð fyrir bjartviðri. Hiti þar verður á bilinu 15 til 20 stig.

Veðrið í dag

Austurlandi um helgina. Á Suðvesturlandi er gert ráð fyrir suðvestangolu eða kalda. Íbúar Vesturlands

Sólarlag í Reykjavík: kl. 0.01
Sólarupprás á morgun: kl. 3.02
Síðdegisflóð í Reykjavík: kl. 12.46
Árdegisflóð á morgun: kl. 1.17



Veðrið kl. 12 í dag

Veðrið kl. 12 á hádegi í gær:

Akureyri	*léttskýjað*	*20*
Akurnes	*hálfskýjað*	*14*
Bergstaðir	*skýjað*	*18*
Bolungarvík	*alskýjað*	*14*
Egilsstaðir	*skýjað*	*22*
Keflavíkurflugv.	*súld*	*11*
Kirkjubkl.	*skýjað*	*18*
Raufarhöfn	*skýjað*	*9*
Reykjavík	*skýjað*	*13*
Stórhöfði	*þokumóða*	*11*
Helsinki	*léttskýjað*	*20*
Kaupmannah.	*skúr*	*15*
Ósló	*skýjað*	*22*
Stokkhólmur	*skýjað*	*19*
Þórshöfn	*léttskýjað*	*10*
Amsterdam	*skýjað*	*19*
Barcelona	*alskýjað*	*17*
Chicago	*léttskýjað*	*19*
Frankfurt	*skúr*	*16*
Glasgow	*skýjað*	*14*
Hamborg	*skýjað*	*22*
London	*rigning*	*13*
Lúxemborg	*skruggur*	*11*
Malaga	*léttskýjað*	*26*
Mallorca	*hálfskýjað*	*24*
París	*skúr*	*14*
Róm	*skýjað*	*28*
New York	*léttskýjað*	*22*
Orlando	*hálfskýjað*	*24*
Nuuk	*súld*	*4*
Vín	*léttskýjað*	*25*
Washington	*skýjað*	*22*
Winnipeg	*heiðskírt*	*20*

Reggae on Ice á Norðurlandi

Hljómsveitin Reggae on Ice verður á Norðurlandi um helgina. Hún ætlar að spila á sveitaballi í Miðgarði í Skagafirði nú í kvöld. Þar er sextán ára aldurstakmark og sætaferðir verða frá Sauðárkróki, Blönduósi, Siglufirði, Ólafsfirði og Akureyri.



Reggae on Ice lofa frábæru stuði um helgina.

Reggae on Ice hafa nýlega gefið út geisladisk sem hlotið hefur góðar viðtökur og hefur lagið Ég vil verið mikið spilað á útvarpsstöðvunum að undanförnu. Á næstu dögum mun hljómsveitin hins vegar senda frá sér nýtt lag sem heitir Alls nakin. Meðlimir hljómsveitarinnar eru trommuleikarinn Hannes, söngvarinn Matti, hljómborðsleikarinn Stefán, gítarleikarinn Viktor og bassaleikarinn Ingi. Fyrstu helgina í júlí leggur hljómsveitin land undir fót og spilar á Mallorca með Samvinnuferðum-Landsýn og Bylgjunni.

Skemmtanir

Kirsuber á Gauknum

Í kvöld mun danshljómsveitin Kirsuber spila á Gauki á stöng. Sveitin er þekkt fyrir frábæra dansstemningu og góða sviðsframkomu. Á morgun og mánudaginn mun Tríó Jóns Leifs síðan troða upp á sama stað.

Myndgátan

Lausn á gátu nr. 1841:



Fremstur á sínu sviði



Myndgátan hér að ofan lýsir orðasambandi.



Chris Farley í vígahug.

Beverly Hills Ninja

Stjörnubíó sýnir nú gamanmyndina Beverly Hills Ninja. Haru, sem er leikinn af Chris Farley, rak á fjörur japanskra Ninjakappa í frumbernsku. Þjóðsaga Ninjakappanna segir frá dularfullu hvítu barni sem hefur hæfileika til að verða Ninjakappi. Þess vegna veita Ninjakapparnir Haru litla strangt uppeldi og þjálfun en í stað þess að safna kröftum eins og til var ætlast safnar Haru bara spiki. Haru vill sanna sig fyrir lærimeisturum sínum og þegar ung og fögur kona leitar á náðir hans og biður

Kvikmyndir

hann að fylgja sér til Beverly Hills þar sem hana grunar að eiginmaður hennar standi í peningafölsun grípur Haru tækifærið til þess að sanna sig sem Ninjakappi. En Haru er enginn Ninjameistari heldur meistari í hrakförum. Við tekur viðburðaríkt og kostulegt ferðalag til Hollywood.

Aðalhlutverk eru í höndum Chris Farlay, Nicolette Sheridan og Robin Shou.

Leikstjóri er Dennis Dungan, sá sami og leikstýrði m.a. Happy Gilmore og Problem Child.

Nýjar myndir:

Háskólabíó: Relic
Laugarásbíó: Relic
Kringlubíó: Dýrlingurinn
Saga-bíó: Körfudraugurinn
Bíóhöllin: Fangaflug
Bíóborgin: Visnaður
Regnboginn: Fimmta frumefnið
Stjörnubíó: Darklands

Golfhelgi

Mikið er um að vera í golfinu um helgina. Á sunnudaginn lýkur Arctic Open mótinu á Akureyri. Önnur mót, sem rétt er að nefna, eru Eimskipsmótið, Sjóvá-almennramótið, SS mótið og Coopers og Lybrandmótið sem öll hefjast á sunnudaginn.

Íþróttir

Knattspyrna

Á morgun er einnig einn leikur í Stofndeildinni en þar eigast við ÍA og ÍBA á Akranesvelli. Tveir leikir eru í fyrstu deild karla en þar eigast við Þróttur frá Reykjavík og Dalvík á Valbjarnarvelli og Víkingur og Fylkir á Víkingsvelli. Shellmótið í Vestmannaeyjum, sem er knattspyrnumót drengja tíu ára og yngri, verður síðan sett á morgun.

Gengið

Almennt gengi LÍ
27. 06. 1997 kl. 9.15

Eining	Kaup	Sala	Tollgengi
Dollar	69,930	70,290	71,810
Pund	116,710	117,310	116,580
Kan. dollar	50,650	50,960	51,360
Dönsk kr.	10,6340	10,6900	10,8940
Norsk kr	9,6290	9,6820	10,1310
Sænsk kr.	9,1030	9,1530	9,2080
Fi. mark	13,5740	13,6540	13,8070
Fra. franki	12,0100	12,0790	12,3030
Belg. franki	1,9632	1,9750	2,0108
Sviss. franki	48,6100	48,8800	48,7600
Holl. gyllini	35,9900	36,2000	36,8800
Þýskt mark	40,5300	40,7400	41,4700
Ít. líra	0,041370	0,041630	0,04181
Aust. sch.	5,7570	5,7930	5,8940
Port. escudo	0,4010	0,4034	0,4138
Spá. peseti	0,4789	0,4819	0,4921
Jap. yen	0,612400	0,616100	0,56680
Írskt pund	105,750	106,400	110,700
SDR	96,890000	97,470000	97,97000
ECU	79,3600	79,8400	80,9400

Símsvari vegna gengisskráningar 5623270